

Alþingi

653

Erindi nr. P 118/653

komudagur 30/12 1994

Til menntamálanefndar Alþingis

Frá skólanefnd Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum

### Umsögn um frumvarp til laga um framhaldsskóla

Nefndin hefur yfirfarið frumvarpið og getur almennt séð tekið undir þau meginmarkmið er þar koma fram. Aukin valddreifing og opnara skólastarf með vaxandi áhrifum foreldra og fulltrúa atvinnulífsins er af hinu góða. Vel afmörkuð námsmarkmið og bættir starfshættir ættu sömuleiðis að skila öflugra skólastarfi. Hér þarf þó að tryggja það að ýmsar nýjungar í þessu frumvarpi t.d. samræmd lokapróf og hugmyndir um kjarnaskóla, verði ekki notaðar sem miðstýringartæki, sem alfarið miði við reykvískan raunveruleika.

Framhaldsskólar landsbyggðarinnar búa við aðrar kröfur frá sínu umhverfi og oft við aðrar aðstæður er varðar búnað og stærð eininga.

Skólanefndin fór yfir nokkur þau atriði, sem helst horfa til breytinga frá núgildandi lögum. Niðurstaðan úr því er þessi:

1. Gert er ráð fyrir fjölgun kennsludaga uppí 150 á ári (3. gr.) innan núverandi 9 mánaða starfstíma. Hugmyndir um lengingu í 10 mánuði og styttingu skólans í 3 ár hafa verið lagðar til hliðar.  
Þetta er jákvætt, en kallar á breytta kjarasamninga. Mjög mikilvægt er að svona breyting sé ekki sett í lög nema tryggt sé að þeim megi framfylgja með góðu móti.
2. Gert er ráð fyrir 5 manna skólanefnd (6. gr.) Þar af 2 tilnefndir af sveitarfélagi. Fulltrúar kennara og nemenda verði áheyrnarfulltrúar.  
Áhrif heimamanna á stjórn skólans þarf a.m.k. að tryggja. Fulltrúar starfsfólks og nemenda töldu miður að þeirra atkvæðisréttur hyrfi.
3. Ráðningartími skólameistara (og aðst. skólameistara) verði 5 ár. (11 gr.)  
Hér er spurning hvort binda þurfi ráðningartíma við 5 ár eða hvort hann gæti verið styttri eða lengri t.d. 7 - 8 ár eftir ákvörðun hvernar skólanefndar, eða hvort skólanefnd ætti ekki að vera heimilt að gera opinn ráðningarsamning við stjórnendur.
4. Allir sem lokið hafa grunnskóla skulu eiga kost á að hefja nám í framhaldsskóla.  
Hér er þó gert ráð fyrir reglugerð er kveði á um lágmarkskröfur (einkunnir) í einstökum greinum. (15. gr.)  
Hér er verulega dregið í land með námsaðgreiningu sem fyrirhuguð var. Þetta stendur þó og fellur með reglugerðinni. Mikil aðgreining starfsnáms, bóknáms og almenns náms fellur illa að áfangakerfinu og gæti torveldað okkur að halda úti því fjölbreytta námsframboði sem hér hefur tíðkast.


Visað er til reglugerðar varðandi inntökuskilyrði. Ef þau eiga að koma, af hverju þá ekki í lögum? Ekki er rétt að mismuna nemendum í upphafi náms.


5. Hver skóli skal gefa út sína skólanámsskrá (22. gr.) og jafnframt innleiða aðferðir til að meta eigið starf (23. gr.)  
Mjög jákvætt og ætti að innleiða markvissari og árangursríkari vinnubrögð.
6. Samræmd lokapróf (stúdentspróf og önnur lokapróf) samkvæmt ákvæðum ókominnar reglugerðar (24. gr.). Komi að fullu til framkvæmda 1999-2000.  
Hér þarf að leggja niður fyrir sér hlutina. Andi frumvarpsins er í þá átt að gera skólana sjálfstæðari og ábyrgari um sín mál. Ef hugmyndin er sú að öll lokapróf eigi alltaf að vera samræmd er veruleg hættu á miklum miðstýringaráhrifum. Í því efni má vísa til grunnskólans.  
Við teljum hinsvegar gott að hafa fá samræmd próf á ári hverju og ekki alltaf í sömu greinum.
7. Samstarfsnefnd um starfsnám (iðnnám), fyrir einstaka flokka greina eða einstaka greinar. (28. og 29. gr.)
8. Starfsgreinaráð (atvinnurek. og launþegar) fyrir einstaka flokka greina eða einstaka greinar (28. og 29. gr.)  
- Svipað og núverandi fræðslunefndir.
9. Ráðgjafanefndir með fulltrúum atvinnulífs, innan byggðarlags - að undirlagi skólanefnda. (30. gr.)  
Jákvæðar og nauðsynlegar greinar. Við tökum heilshugar undir þau áform um styrkingu starfsnámsins er fram koma í frumvarpinu. Þessu þarf að fylgja eftir í því reiknilíkani sem 38. gr. boðar.
10. Kjarnaskólar er gegni leiðandi hlutverki í ákveðnum starfsgreinum. (31. gr.)  
Jákvætt fyrirkomulag ef þess er gætt að breytingin verði ekki til að skerða námsframboð á landsbyggðinni.
11. Heimild til að millifæra fé af rekstri til launa eða öfugt. (38. gr.)  
Nauðsynleg breyting m.a. til að skólar geti notið hagræðingar sem þeir koma á.
12. Þróunarsjóður framhaldsskóla (45. gr.) sem ætlað er að ýta undir nýjungar í skólastarfi. Athyglisverð nýjung sem tryggja þarf fjármagn.

Þetta er svona það helsta og er auðvitað misjafnlega mikilvægt ef að lögum verður. Að okkar mati eru eftirfarandi atriði líkleg til að hafa mikil áhrif á skólastarfið: Fjölgun kennsludaga, hugsanleg inntökuskilyrði, samræmd lokapróf, aukin áhersla á starfsnám og hugsanlega ákvæði um kjarnaskóla.  
Margt annað í frumvarpinu er þó allrar athygli vert.  
Hvernig sem endanleg frumvarpsgerð verður er ljóst að breyta þarf samningum við kennara og að væntanleg reglugerð kemur til með að ráða miklu. Þetta er rétt að hafa hugfast.

Virðingarfyllst

F.h. skólanefndar FÍV

  
Sigurður Einarsson, form.

  
Ólafur H. Sigurjónsson, skólameistari